

Ásgeir Thoroddsen stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðsins setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Bjarni Þór Óskarsson yrði kosinn fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Bjarni tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði samþykktta sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bæran að afgreiða dagskrárefni. Í Frjálsa lífeyrissjóðnum eru 52.583 skráðir sjóðfélagar og heildaratkvæðamagn þeirra 178.035.547.914. Á fundinn var mætt að hálfu 124 sjóðfélaga og farið með 2.818.653.351 atkvæða eða 1,58% heildaratkvæða.


Fundarstjóri lagði til breytingu á boðaðri dagskrá, liðirnir skýrsla stjórnar og kynning ársreiknings yrðu teknir fyrst og saman til afgreiðslu og að því loknu yrði strax gengið til kosningar nýrrar stjórnar. Engar athugasemdir voru gerðar við það. Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir.

1. Skýrsla stjórnar

Hér kemur ávarp formanns stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Ásgeir Thoroddsen sagði að árið 2015 var eitt besta ár sjóðsins frá stofnun þegar horft er til nokkurra þátta í rekstri hans. Meðalraunávöxtun allra fjárfestingarleiða og tryggingadeildar var 9,5%. Raunávöxtun stærstu fjárfestingarleiðarinnar, Frjálsa 1, var 11,0% og hefur raunávöxtun leiðarinnar ekki verið hærri frá árinu 2003. Frjálsi Áhætta skilaði metraunávöxtun eða 18,0% sem er hæsta raunávöxtun í sögu sjóðsins.

Á árinu greiddu 19.475 sjóðfélagar 11,7 milljarða kr. í iðgjöld til sjóðsins og hefur fjöldi greiðandi sjóðfélaga og fjárhæð iðgjalda í sjóðinn aldrei verið hærri. Sjóðurinn greiddi 2,3 milljarða kr. í lífeyri til 2.798 sjóðfélaga. Tryggingafræðileg staða tryggingadeilda sjóðsins batnaði sjötta árið í röð og voru eignir umfram heildarskuldbindingar í lok árs 5,0% sem endurspeglar sterka tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Loks var Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í sínum stærðarflokki annað árið í röð af fagtímaritinu Investment Pension Europe. Í umsögn dómnefndar kom meðal annars fram að samhlíða öflugri áhættustýringu hafi Frjálsi lífeyrissjóðurinn sýnt framsýni í fjárfestingarákvörðunum undanfarin ár sem hefur skilað sér í góðri ávöxtun og ánægðum sjóðfélögum. IPE hefur veitt Frjálsa lífeyrissjóðnum fjölmörg verðlaun á undanförnum árum. Til viðbótar við ofangreind verðlaun var sjóðurinn t.d. valinn besti lífeyrissjóður Evrópuþjóða með undir 1 milljón íbúa árin 2013 og 2014. Hrein eign til greiðslu lífeyris hjá Frjálsa í lok árs 2015 var tæpar 174 milljarðar. Sjóðurinn hefur stækkað mikið á undanförnum árum og hlutfallslega meira en aðrir lífeyrissjóðir landsins. Árið

1


2015 stækkaði sjóðurinn um 28 milljarða eða 19% sem er veruleg stækkun. Sjóðurinn var í lok árs 6. stærsti lífeyrissjóður landsins.

Þótt ávöxtun Frjálsa hafi verið góð á árinu þá skiptir langtímaávöxtun mestu máli í lífeyrissparnaði. Það er sérstaklega ánægjulegt að langtímaávöxtun sjóðsins, sem sést í 5 og 10 ára ávöxtunartölum er góð miðað við markaðsaðstæður og aðra sambærilega sjóði. Arnaldur Loftsson framkvæmdastjóri sjóðsins og Marinó Örn Tryggvason forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka munu hér á eftir kynna ársreikning sjóðsins.

Ein af helstu áskorunum lífeyrissjóða er að þeir eru mjög stórir miðað við hagkerfið og því er nauðsynlegt fyrir lífeyrissjóði að auka erlendar fjárfestingar. Fjármagnshöft hafa haft mikil áhrif á fjárfestingastefnu og eignastýringu Frjálsa. Á undanförnum mánuðum hefur Seðlabankinn heimilað sjóðnum að fjárfesta með takmörkuðum hætti erlendis og sjóðurinn hefur nýtt sér þær heimildir. Líklegt er að Frjálsi fái meiri heimildir á næstu árum til erlendra fjárfestinga.

Eins og við vitum fer meðalævilengd þjóðarinnar hækkandi. Lenging á meðalævi þýðir að ellilífeyrir úr tryggingadeild, sem er greiddur til æviloka, er greiddur lengur til hvers sjóðfélaga að meðaltali og hækkar því skuldbindingar sjóðsins.

Af hálfu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga hafa verið kynntar hugmyndir um að áætlun um lífslíkur fólks í framtíðinni verði grundvöllur við mat á lífeyrisskuldbindingum lífeyrissjóða en ekki lífslíkur út frá reynslu í fortíðinni eins og hefur verið. Breyttar forsendur myndu hækka áfallnar skuldbindingar tryggingadeilda um ca. 18% ef ekki væri gripið til neinna mótvægisáðgerða.

Stjórn sjóðsins hefur rætt um mögulegar mótvægisáðgerðir og sem dæmi um mögulega mótvægisáðgerð eru hugmyndir frá Landssamtökum lífeyrissjóða um að ellilífeyristökualdur verði hækkaður um 2 mánuði á ári næstu 12 árin og 1 mánuð á ári næstu 12 ár þar á eftir. Þannig yrði ellilífeyristökualdur hækkaður í litlum skrefum um þrjú ár næstu 24 árin.

Frjálsi ákvað á sínum tíma einn fárra lífeyrissjóða að bjóða upp á að skylduiðgjaldi yrði ráðstafað að hluta til frjálsrar séreignar sem er laus til útborgunar við 60 ára aldur. Þær breytingar sem líklegt er að þurfi að grípa til munu ekki hafa áhrif á útgreiðslur frjálsrar séreignar. Vonast er eftir að tillögur um breytt fyrirkomulag taki gildi í byrjun árs 2017 og að lífeyrissjóðir geri breytingar á samþykktum á aukaársfundum á árinu 2016.

Við höfum upplifað almenna ánægju og traust sjóðfélaga til sjóðsins. Árlega gerir Capacent Gallup könnun á viðhorfi sjóðfélaga til lífeyrissjóða sem þeir greiða í. Spurt hefur verið m.a. um viðhorf til þjónustu, upplýsingargjafar, ávöxtunar og traust á stjórn og stjórnendum. Það er skemmt frá því að segja að niðurstæða könnunarinnar hefur komið mjög vel út fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn á undanförnum

2
F
J

árum. Frjálsi hefur fengið framúrskarandi niðurstöður í öllum lykilþáttum. Það er okkur mikilvægt að upplifa þetta jákvæða viðhorf og traust til sjóðsins sérstaklega í ljósi þess að sjóðfélagar velja að greiða í sjóðinn en ber ekki skylda til þess eins og tíðkast svo almennt hér á landi. Ef illa er staðið að rekstri sjóðsins geta sjóðfélagar valið að hætta að greiða til sjóðsins og greiða í staðinn til annarra lífeyrissjóða. Í lok árs höfðu rúmlega 50 þúsund sjóðfélagar valið að greiða í sjóðinn. En þrátt fyrir að vel hafi tekist til við rekstur sjóðsins á undanförnum árum þýðir ekki að slaka á. Velgengi heldur ekki áfram af sjálfu sér.

Stjórn og starfsfólk halda áfram að leita að hagstæðum fjárfestingartækifærum, bæta rekstur og þjónustu til sjóðfélaga og launagreiðenda. Sem dæmi má nefna að á síðasta ári kynnti sjóðurinn nýja þjónustu fyrir launagreiðendur og sjóðfélaga sem eru sjálfstætt starfandi. Launagreiðendavefurinn býður upp á viðbótarmöguleika við að senda skilagreinar með rafrænum hætti og hafa betri yfirsýn yfir iðgjaldagreiðslur og skilagreinar.

Þá er hafin vinna við að hanna sjóðfélagavef þar sem sjóðfélagar geta nálgast m.a. upplýsingar um iðgjöld, lífeyrisgreiðslur og stöðu réttinda og séreignar. Jafnframt munu sjóðfélagar geta gert breytingar á forsendum samninga sinna. Það er von míni að sjóðfélagavefurinn leiði til þess að enn fleiri sjóðfélagar nálgist upplýsingar um lífeyrissparnað sinn í Frjálsa lífeyrissjóðnum með rafrænum hætti því ekki verður lengur forsenda að eiga aðgang að Netbanka Arion banka.

Í janúar 2016 lækkaði stjórn sjóðsins vexti á lífeyrissjóðslánum, bauð upp á fleiri lánsform og gerði frekari breytingar á lánareglum til hagsbóta fyrir sjóðfélaga. Breytingarnar miðuðu að því að auðvelda sjóðfelögum fjármögnun og auka sveigjanleika þeirra við lántöku. Óhætt er að segja að sjóðfélagar hafi tekið þessum breytingum fagnandi því gríðarleg ásókn hefur verið í lánin jafnt og þétt eftir að breytingarnar voru kynntar.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) tók þá ákvörðun að loka séreignadeild sjóðsins og var séreign sjóðfélaga flutt í Frjálsa lífeyrissjóðinn nema sjóðfélagar óskuðu eftir að flytja séreignarsparnað sinn til annarra vörluaðila. Sjóðfélagar í séreignardeild LSS voru um eitt þúsund talsins og nam heildarflutningur séreignarsparnaðar þeirra í Frjálsa um 1,5 milljörðum kr.

Fyrir hönd stjórnar lýsi ég yfir ánægju með það traust sem sjóðnum var sýnt með samkomulaginu við LSS og býð jafnframt nýja sjóðfélaga velkomna í sjóðinn.

Stjórn Frjálsa fékk ráðgjafarsvið KPMG til að gera úttekt á stjórnarháttum sjóðsins á árinu. Í framhaldinu af þeirri vinnu voru gerðar breytingar á starfsreglum stjórnar með hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn hefur útbúið stjórnarháttayfirlýsingu fyrir árið 2015 sem er birt í



heild sinni í viðauka við ársreikning sjóðsins en henni er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti og uppfylla kröfur í reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins er skipuð sjö mönum. Meirihlutinn, fjórir eru kosnir á ársfundi sjóðsins en þrír skipaðir af rekstraraðila sjóðsins, Arion banka.


Á fundinum nú verða tveir stjórnamenn kosnir til tveggja ára. Fleiri eru í framboði þannig að ljóst er að kosið verður milli frambjóðenda. Jafnframt er kosið um two varamenn til eins árs en aðeins tveir eru í framboði og varamenn því sjálfkjörnir.

Eltt af verkefnum ársfundar er að ákvarða laun stjórnamanna. Töluverðar umræður voru innan stjórnar um hvaða stjórnarlaun ætti að gera tillögu um á ársfundi til ákvörðunar. Ef horft er 10 ár aftur í tímann þá hafa laun í landinu almennt hækkað um 100% en laun stjórnar um 40% og voru stjórnarlaun ákveðin á ársfundi í fyrra 105 þús. kr. á mánuði. Eftir efnahagshrunið ákvað stjórnin að elgin frumkvæði að lækka stjórnarlaunin og hafa stjórnarlaun eftir þann tíma ekki haldið í við launaþróun. Tími stjórnamanna sem varið er í stjórnarstörf fer aftur á móti vaxandi. Haldnir voru 17 stjórnarfundir á liðnu starfsári og auk fundanna sjálfra fer mikill tími hjá stjórnmönnum í undirbúning þeirra. Jafnframt eru gerðar eðlilegar kröfur um að stjórnamenn viðhaldi og efli þekkingu sína með því að sækja fundi, námskeið og ráðstefnur. Með hliðsjón af þeim tíma sem fer í stjórnarstörf og til að halda í við launaþróun sl. 10 ára leggur stjórnin til að stjórnarlaun verði nú ákveðin 150 þúsund kr. á mánuði og stjórnarformaður fái tvöföld þau laun eins og verið hefur. Jafnframt leggur stjórnin til að laun varamanna verði áfram helmingur af launum aðalmanns fyrir hvers setinn fund en lágmarksárlaun lækki úr tveimur mánaðarlaunum aðalmanns í ein og hálf stjórnarlaun aðalmanns. Rökin fyrir lágmarkslaunum varamanna eru að þeir eins og aðalstjórnamenn falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins og þurfa að uppfylla hæfisskilyrði laga um lífeyrissjóði sem takmarkar möguleika þeirra á öðrum störfum, þar með talið stjórnarstörfum.

Ég vil að lokum þakka meðstjórnmönnum mínum mjög ánægjulegt samstarf. Það er góður andi í stjórninni. Okkur finnst sjóðurlinn vera á góðri, og miðað við aðstæður, nokkuð tryggri siglingu.

Ég vil enn þakka því starfsfólk sem að rekstri sjóðsins kemur og á heiðurinn af velgengni hans. Alveg sérstaklega þakka ég framkvæmdastjóra sjóðsins, Arnaldi Loftssyni, fyrir ósérhlífni í störfum og jákvæðu viðhorfi. Félagi hans Marínó Örn Tryggvason á hér líka frábæran hlut að. Óhætt er að segja að stjórnin beri mikið traust til þeirra beggja og reyndar til allra þeirra starfsmanna sem að rekstri Frjálsa koma.

Hvað varðar sjálfan mig sem gef kost á mér nú til áframhaldandi stjórnarsetu þá er þetta jafnframt mitt síðasta kjörtímabil nái ég kjöri.



2. Kynning ársreiknings

Arnaldur Loftsson framkvæmdarstjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins fór yfir breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, sjóðstreymi og helstu liði í skýringum.

Í máli Arnaldar kom m.a. fram að iðgjöld og flutningar á séreign sjóðfélaga á árinu hefðu numið 13,4 milljörðum sem væri 33% hækkun á milli ára. Lífeyrisgreiðslur voru um 3,2 milljarðar og lækkuðu um 3% á milli ára. Fjárfestingartekjur sjóðsins voru 18 milljarðar og hækkuðu um 123% á milli ára. Fjárfestingargjöld voru 396 milljónir og rekstrarkostnaður 181 milljónir. Hækkun á hreinni eign sjóðsins nam 27,6 milljörðum kr. og hrein eign frá fyrra ári var um 146,3 milljarðar. Stækkaði sjóðurinn því um 19% á árinu. Hrein eign í árslok var 173,9 milljarðar sem skiptist þannig að 124,7 milljarðar tilheyra séreignadeildinni en um 49 milljarðar tryggingadeildinni.

Arnaldur sagði að Frjálsi 1 væri langstærsta leiðin eða um 95 milljarðar og að hún væri sú leið sem sjóðfélagar greiddu í frá 1978 til 2002 en þá voru aðrar fjárfestingarleiðir stofnaðar í sjóðnum.

Arnaldur sagði skýringarnar á stækkun sjóðsins vera fyrst og fremst iðgjöld, góð ávöxtun sem og flutningar á séreignarsparnaði til sjóðsins. Einnig var sameiningar á árinu við S-LSS.

Arnaldur sagði að frá árinu 2010 eða sl. 5 ár hefur sjóðurinn tvöfaldast eða vaxið um 100%. Hann sagði að á árinu 1999 var Frjálsi lsj. um 1,5% af stærð lífeyriskerfisins en um 5,3% í lok árs 2015. Þannig að sjóðurinn hefur verið að stækka hlutfallslega meira eða jafnt og lífeyriskerfið á hverju ári nema á árinu 2007 en þá var ávöxtun sjóðsins lág í samanburði við aðra sjóði.

Arnaldur fór yfir sundurliðun á iðgjöldum. Iðgjöld sjóðfélaga námu 4,2 milljörðum og iðgjöld launagreiðenda 7,5 milljörðum eða samtals 11,7 milljarðar sem er 18% hækkun á milli ára, skýringin væri fyrst og fremst fleiri greiðendur sjóðfélaga en að meðaltali greiddu 15.922 sjóðfélagar í sjóðinn á árinu.

Nettó flutningar á séreignarsparnaði til sjóðsins og endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara voru 1.489 milljónir en þar af var flutningur í Frjálsa úr LSS 1.473 milljónir. Arnaldur sagði að undir aukaframlögum væri lögbundið framlag ríkisins til tryggingadeilda sjóðsins að fjárhæð 155 milljónir sem hefur þann tilgang að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða.

Arnaldur sagði að í skýringum væri iðgjöldum sjóðfélaga og launagreiðenda skipt í lágmarskiðgjöld, sem væri 12% skyldulíðgjald af launum, og svo viðbótariðgjöld. Lágmarskiðgjöldin hækkuðu um 15% og voru 9,4 milljarðar og viðbótariðgjöldin hækkuðu um 31% og voru 2,3 milljarðar. Skýring á mikilli hækkun viðbótariðgjald væru þau að möguleiki sjóðfélaga á að ráðstafa viðbótariðgjöldum til

A
5
V

húsnæðissparnaðar og niðurgreiðslu á húsnæðislánum náði yfir allt árið 2015 en eingöngu hálfir árið 2014.

Því næst fór Arnaldur yfir sundurliðun á lífeyri. Lífeyrisgreiðslur voru um 1,8 milljarðar og lækkuðu um 3% á milli ára: Heimild til að sækja um fyrirframgreiðslu á séreignarsparnaði lauk á árinu 2014 og var því eingöngu greitt út á árinu skv. umsóknum frá 2014 og 2013. Jafnframt hækkuðu greiðslur viðbótariðgjalda inn á húsnæðislán verulega því úrræðið var í boði allt árið 2015 en aðeins hálfir árið 2014. Hann sagði að lífeyririnn skiptist þannig að séreignadeildin greiddi 1,8 milljarða og tryggingadeildin 494 milljónir.

Arnaldur fór yfir þróun á útgreiðslu séreignarsparnaðar sem hægt hefur verið að taka út fyrirfram frá árinu 2009 þótt 60 ára aldri sé ekki náð. Samtals voru greiddir út 7,6 milljarðar. Síðasta útgreiðsla sem innt var af hendi skv. ákvæðinu var í mars á þessu ári.

Arnaldur sagði að fjárfestingartekjur sjóðsins voru 18 milljarðar og þar væri langstærsti liðurinn Vaxtatekjur og gengismunur eða 15,3 milljarðar. Ef nánar væri skoðað þá var hækjun á skuldabréfum og hlutdeildaskírteinum 15,2 milljarðar. Gengishagnaður vegna erlendra gjaldmiðla var hinsvegar neikvæður um 0,5 milljarð, sem skýrlst af styrkingu krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Arnaldur sagði að fjárfestingartekjurnar endurspeglar ávoxtun sjóðsins og þróun verðbólgu hefur einnig áhrif á þennan lið því stór hluti af skuldabréfum sjóðsins eru verðtryggð. Það geta því verið miklar sveiflur á þessum lið á milli ára eftir því hvernig verðbréfamarkaðir og verðbólga þróast.

Arnaldur fór yfir sundurliðun á fjárfestingargjöldum og rekstrarkostnaði. Hann sagði að þar sem öllum rekstri sjóðsins væri úthýst til Arion banka þá væri stærsti kostnaðarliðurinn umsýslupóknun sjóðsins til Arion banka en honum væri skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar. Umsýslupóknun var 470 milljónir sem var 0,29% af meðalstöðu sjóðsins og lækkaði hlutfallið á milli ára, vörlupóknun var 44 milljónir og annar kostnaður og fjárfestingargjöld 63 milljónir.

Arnaldur fór stuttlega yfir efnahagsreikningurinn, því Marinó færi vel yfir eignasafn sjóðsins síðar á fundinum. Arnaldur vildi þó nefna stærstu liðina sem voru verðbréf með breytilegum tekjum sem skiptast í hlutabréf, hlutabréfasjóði og hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum og voru alls 69 milljarðar. Verðbréf með föstum tekjum eru einstök skuldabréf sjóðsins sem námu alls 84 milljörðum og voru að stórum hluta ríkisskuldabréf. Einnig sagði hann að rétt væri að nefna að veðlánin væru sjóðfélagalánin sem sjóðurinn býður upp á og voru þau 3,2 milljarðar og jukust um 18% á árinu.

Því næst fór Arnaldur stuttlega yfir sjóðstreymið, hann fór ekki yfir einstaka liði þess en vakti athygli á að keypt verðbréf með föstum tekjum jukust úr 9,8 milljörðum í 13,2 milljarða en veltan væri enn mjög



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Arnaldur Þorsteinsson". A small number "6" is written near the bottom right of the signature.

lítill m.v. stærð sjóðsins. Einnig nefndi hann að ný lán til sjóðfélaga jukust um 11% úr 814 milljónum í 903 milljónir.

Arnaldur sagði að í árslok voru 52.654 sjóðfélaga sem áttu inneign eða réttindi og væri það fjölgun um 3.118 á milli ára. Langflestir sjóðfélagar ættu inneign í Frjálsa 1 eða um 42.568 og svipaður fjöldi á réttindi í tryggingadeild sjóðsins. Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld til sjóðsins í hverjum mánuði var um 16 þúsund. Sem væri fjölgun um tæplega 1000 greiðandi sjóðfélaga á árinu 2015.

Marinó Örn Tryggvason forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka fór yfir þróun verðbréfamarkaða, ávöxtun og fjárfestingar sjóðsins. Marinó fór yfir markaðsaðstæður og í máli hans kom fram að síðasta ár hafi verið afar hagsælt sjóðnum og einnig mætti segja að undanfarin sjó ár hefur ávöxtun Frjálsa lsj. verið góð. Saman dregið fyrir árið 2015 var ávöxtun allra leiða mjög góð. Eini eignarflokkurinn sem gaf lægri ávöxtun en vænta mætti voru erlendu hlutabréfin, en heimsvísitalan lækkaði í fyrra.

Nafnávöxtun ársins 2015 var 13,2% hjá Frjálsa 1 (raunávöxtun 11,0%), 11,8% hjá Frjálsa 2 (raunávöxtun 9,6%), 6,8% hjá Frjálsa 3 (raunávöxtun 4,7%), 20,4% hjá Frjálsa Áhættu (raunávöxtun 18,0%) og 10,5% hjá Tryggingadeild sjóðsins (raunávöxtun 8,4%).

Meðalraunávöxtun á tímabilinu 2002-2015 var 4,9% hjá Frjálsa 1, meðalraunávöxtun á tímabilinu 2002-2015 var 4,3% hjá Frjálsa 2, meðalraunávöxtun á tímabilinu 2002-2015 var 4,2% hjá Frjálsa 3, meðalraunávöxtun á tímabilinu 2002-2015 var hjá Frjálsi áhætta 4,0% og meðalraunávöxtun á tímabilinu 2002-2015 var 3,1% hjá Tryggingadeild sjóðsins.

Lífeyrissjóðir gera almennt upp með svokallaðri kaupkröfuaðferð, Felur í sér að breytingar á markaðsverði skuldabréfa hafa lítil áhrif á ávöxtun. Árleg ávöxtun skuldabréfa er þekkt við kaup bréfsins (að því gefnu að skuldari standi í skilum) Tryggingadeild sjóðsins gerir upp með kaupkröfu en séreignaleiðir miðað við markaðsverð skuldabréfa.

Þá fór Marinó yfir eignasamsetningu hverrar leiðar fyrir sig og samanburð á ávöxtun leiðanna. Hann fór einnig stuttlega yfir þróun markaða fram til 22. maí 2016.

Umræður

Eftir kynningu Arnaldar og Marinós var opnað fyrir umræður um fyrstu two dagskráliðina. Engin fyrirspurn kom frá fundargestum.



3. Kosning stjórnar og varamanna

Gengið var til kosninga tveggja stjórnamanna til næstu tveggja ára. Í framboði voru: Anna Sigurður Halldórsdóttir, Ásgeir Thoroddsen og Ingvi Þór Georgsson. Frambjóðendur höfðu stutta framsögn:

Ásgeir Thoroddsen sagðist hafa verlð í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins síðustu árin og meðal annars verið stjórnarformaður sjóðsins í nokkur ár. Hann sagðist vera lífeyrisþegi og segja mætti því að hér væri elsti og yngsti frambjóðendurnir.

Ingvi Þór Georgsson sagðist vera 25 ára og að ann væri þess fullviss að geta fengið yngra fólk í sjóðinn. Hann er starfsmaður í upplýsinga- og kynningarmálum hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, viðskiptafræðingur frá Birmingham-Southern College og kláraði meistararanám í alþjóðaviðskiptum frá Háskolanum í Reykjavík árið 2014. Hann hefur starfað í tvö ár hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi. Ingvi sagðist verða að viðurkenna að hann hafi áhyggjur af lélegu fjármálalæsis ungfólks. Hann spurði 10 vini sína í hvaða lífeyrissjóð þeir greiddu og aðeins 3 vissu hvar þeir voru að greiða sem væri alls ekki gott. En þó fælist líka tækifæri í þessu, fólk ætti að hafa skoðun á því í hvaða lífeyrissjóð þeir greiddu og hafa aðgengi að fólk sem talar við ungt fólk og fræðir það um lífeyrismál, ungfólk ið þarf að fá fræðslu. Benda ætti á afhverju Frjálsi er góður sjóður fyrir þau. Ingvi sagði að hann væri full viss um að stjórn sem saman sett væri að jöfnu aldursbili og kynja jafnrétti væri betri stjórn. Einnig væri hann fullviss um að Arion banki sæti til þess að svo yrði. Að lokum vildi Ingvi setja athugasemd við það að endurskoðunarnefnd væri saman sett að sitjandi stjórnmönnum, þessu ætli hann að breyta ef hann næði kjöri. Hann sagði að það má ekki vera sjálfkjörið í stjórn Frjálsa lsj. Hann taldi sig geta komið með jákvæðar breytingar inn í stjórn sjóðsins.

Anna Sigurður Halldórsdóttir sagði að hún starfi sem sérfræðingur á Hagstofu Íslands. Hún var kjörin í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins 2013. Þar áður var hún varamaður frá 2011. Hún sagði að væri í endurskoðunarnefnd sjóðsins og hef verið það frá 2014. Anna Sigurður sagði að hún hafi starfað sem sérfræðingur í launa- og tekjutölfræði á Hagstofu Íslands frá árinu 2007.

Gengið var til kosninga. Því næst var þessum lið á dagskránni frestað þar til niðurstaða talningar lægl fyrir. Starfsmenn sjóðsins önnuðust talningu og var frambjóðendum boðið að hafa fulltrúa viðstadda.

4. Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins kynnti niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar 31.12.2015. Sem á eingöngu við um tryggingadeild sjóðsins en hún er um einn þriðji af sjóðnum. Í máli hans kom fram að áunnin staða væri 10,3%, framtíðarstaða væri 1,6%, og heildarstaða

8
JG

væri 5,0%. Bjarni sagði að almenn vikmörk samkvæmt lögum 129/1997 er að +/- 10% í eitt skipti eða yfir +/- 5% fimm ár í röð, en frá árinu 2008 hafa verið til bráðabirgða gilt rýmri mörk.

Bjarni sagði að útreikningurinn miðist við núverandi sjóðfélaga, fundnar væru væntanlegar útborganir ár fyrir ár, þar til síðasti rétthafi er fallinn frá svo væri reiknað hversu stóran sjóð þurfi til að greiða áætlaðar lífeyrisgreiðslur miðað við að tiltekin ávoxtun náist. Útreikningum skipt í tvennt, áunnlð (vegna réttinda sem búið væri að afla) og framtíðar (réttindi sem áætlað væri að bættist við). Mikillvægustu forsendurnar væru lífslíkur, örorkulíkur, hjúskapar- og barneignalíkur. Almennt væri miðað við 3,5% raunávoxtun. Bjarni sagði örorkutíðni hjá Frjálса lsj. vera með því lægsta sem gerist hjá lífeyrissjóðum. Í lokin ræddi Bjarni stuttlega um nýjar lífslíku töflur.

Umræður

Árni Tómasson, spurði um breytingar á töflum um lífaldur, veistu hversu mikið staða sjóðsins myndi versna ef þessar nýju töflur yrðu teknaðar í notkun? myndi það hafa veruleg áhrif tryggingafræðilega stöðu sjóðsins?

Bjarni Guðmundsson sagði að áfallnar skuldbindingar hækkuðu líklega um 18%, staðan yrði því lítilsháttar neikvæð.

Hannes Valgarðsson, spurði er áætlað að breyta stefnunni ef þetta verður eins og tryggingastærðfræðingurinn áætlar?

Bjarni Guðmundsson sagði að LL hafi lagt til að bregðast ekki við með því að hækka iðgjöld frekar að bregðast við með því að hækka lífeyrisaldurinn um 2 mánuði í ári og ef það yrði framkvæmt, þá yrði lífeyrisaldurinn kominn í 70 ár, árið 2040.

5. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Marinó Örn Tryggvason forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2015. Marinó sagði að fjárfestingarstefnan væri ákveðin af stjórn sjóðsins.

Marinó sagði að leltast væri við að bjóða upp á mismunandi leiðir til þess að sjóðfélagi geti valið þá leið sem hentar honum best.

Marinó fór yfir breytingar á fjárfestingarstefnum fyrir árið 2015, fyrir hverjar deild fyrir sig.

Frjálsi áhætta, engin breyting var gerð á fjárfestingarstefnu á milli ára.

Frjálsí 1, Vægi í floknum Ríkisvíxlars, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs minnkað úr 40% í 35%. Neðri vikmörk lækkuð úr 30% í 20%. Vægi í floknum Skuldabréf og víxlars banka, sparisjóða og annarra lánastofnana aukið úr 1% í 3%. Efri vikmörk aukin úr 10% í 15%. Vægi í floknum Önnur verðbréf aukið úr 5% í 8%.

Frjálsí 2, Vægi í floknum Ríkisvíxlars, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs minnkað úr 60% í 50%. Neðri vikmörk lækkuð úr 40% í 30%. Vægi í floknum Skuldabréf og víxlars banka, sparisjóða og annarra lánastofnana aukið úr 2% í 10%. Efri vikmörk aukin úr 10% í 20%. Vægi í floknum Önnur verðbréf aukið úr 10% í 12%.

Frjálsí 3, Vægi í floknum Ríkisvíxlars, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs minnkað úr 65% í 55%. Neðri vikmörk lækkuð úr 50% í 30%.

Vægi í floknum Skuldabréf og víxlars banka, sparisjóða og annarra lánastofnana aukið úr 5% í 15%. Efri vikmörk aukin úr 10% í 30%.

Frjálsí Tryggingadeild, Vægi í floknum Ríkisvíxlars, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs minnkað úr 60% í 50%. Neðri vikmörk lækkuð úr 50% í 30%. Vægi í floknum Skuldabréf og víxlars banka, sparisjóða og annarra lánastofnana aukið úr 2% í 5%. Efri vikmörk aukin úr 10% í 15%. Vægi í floknum Hlutabréf aukið úr 15% í 20%. Efri vikmörk aukin úr 30% í 35%. Vægi í floknum Önnur verðbréf aukið úr 7% í 9%.

Marinó sagði að um væri að ræða tiltölulega litlar breytingar á milli ára.

Umræður

Árni Tómasson, spurði um hvort að breytingar yrði gerðar vegna möguleika lífeyrissjóða að fjárfesta meira erlendis ? Og hver væri munurinn á milli innlendra og erlendra fjárfestinga ?

Marinó Örn Tryggvason svarði sagði að það væri svo stutt síðan að lífeyrissjóðum gafst kostur á að fjárfesta, á grunni undanþágu frá Seðlabankanum, erlendis og hefur aðallega verið fjárfest í stuttum bréfum en tiltölulega lítið sett í erlend hlutabréf. En nú væru nýjar fréttir um afnám hafta svo það væri ekki hægt að svara til um þau áhrif að svo stöddu. Marinó sagði að ef auknar heimildir til erlendra fjárfestinga myndu ekki rúmast innan fjárfestingastefnu yrði hún án efa endurskoðuð, m.a. með tilliti til hlutfalls innlendra og erlendra fjárfestinga.

3. Kosning stjórnar og varamanna, framhald

Því næst tilkynnti Fundarstjóri niðurstöðu í stjórnarkjöri.

Niðurstöður í stjórnarkjöri:

Ásgeir Thoroddsen 2.525.629.924 atkvæði

Anna Sigriður Halldórsdóttir 2.219.228.136 atkvæði

Ingvi Þór Georgsson 518.674.197 atkvæði

Auðir og ógildir seðlar voru: 0

Ásgeri Thoroddsen og Anna Sigriður Halldórsdóttir voru því réttkjörin stjórnarmenn sjóðsins til næstu tveggja ára. **Selma Svavarsdóttir** og **Tryggvi Þór Herbertsson** voru sjálfkjörnir varamenn til næstu tveggja ára.

Ásgeri Thoroddsen þakkaði það traust sem honum og Önnu var sýnt í þessum kosningu og þakkaði einnig Ingvi Þóri Georgssyni kærlega fyrir og aldrei að vita að hann komi hér síðar að borði.

Umræða

Yngvi Óttarsson kvaddi sér hljóðs og óskaði svara við eftirfarandi spurningum, annað hvort þá þegar eða í fundargerð:

- 1) Hve margir sjóðfélagar veittu umboð sitt á fundinum
- 2) Hversu margir sem veittu umboð séu starfsmenn rekstraraðila
- 3) Hversu mörg umboð séu í hendi starfsmanna rekstraraðila og hvert sé atkvæðavægi þeirra

Fundarstjóri upplýsti að fundargögn hefðu verið afhent 55 fundarmönnum, en farið væri með atkvæði fyrir 124 sjóðfélaga, sem sýndi að farið væri með umboð fyrir 69 sjóðfélaga, en svör við öðrum spurningum væru ekki til staðar hjá fundarstjóra, en fundarstjóri mundi kanna það betur eftir fundinn. Könnun fundarstjóra leiddi í ljós að ekki er haldin skrá um það hverjir eru vinnuveitendur fundarmanna, hvort þeir eru sjálfstætt starfandi, eða ekki í vinnu, frekar en um slíkar aðstæður þeirra sem veita umboð og slíkt hefur ekki verið gert á liðnum árum. Fundarstjóri telur ekki efni til að slík skrá sé gerð.

6. Kjör endurskoðanda

Deloitte hf. var sjálfkjörið sem endurskoðandi sjóðsins.

11
JG

7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Arnaldur gerði grein fyrir breytingatillögum á samþykktum sjóðsins. Hann fór yfir hverja breytingu fyrir sig og rökstuðning með hverri breytingu.

9. Iðgjald

- 9.1. Iðgjald til Frjálsa lífeyrissjóðsins er frjálst en lágmarksíðgjald (nú 12%) er tilgreint í , 2. gr. laga nr. 129/1997, sbr. þó V. bráðabirgðarákvæði laga nr. 129/1997, sbr. lög nr. 167/2006. Iðgjald til lágmarks-trygginga-verndar ræðst af vali sjóðfélaga skv. grein 8.2.

Erfanlega leiðin. 3,40% í samtryggingu og 6,55% í bundna séreign.

Frjálsa leiðin. 7,95% í samtryggingu.

Tryggingaleiðin. 12% í samtryggingu.

Lágmarkstryggingavernd miðast við að innborgun hefjist við 25 ára aldur.

Um greinina: Lágmarksíðgjaldið er lögbundið. Lagt er til að ákvæðinu verði breytt þannig að ekki muni þurfa að breyta samþykktunum ef til lagabreytingar kemur hvað þetta varðar.

- 9.11. Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðenda og skapa réttindi samkvæmt því. Sjóðnum er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfelli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjaldar í vanskilum sbr. grein 9.9. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðenda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

Um greinina

Ástæður þess að lagðar eru til breytingar á samþykktum sjóðsins að því er varðar hlutverk stjórnar eru aðallega þær að eðlilegt þykir að samþykktir endurspegli raunverulega framkvæmd hjá lífeyrissjóðnum, þannig að þar sem í samþykktum er kveðið á um að stjórn sjóðs skuli hafa tiltekið hlutverk þá skuli það vera stjórnin sem sinnir því. Víða í samþykktum sjóðsins er vísað til stjórnar

12
F
VJ

varðandi tiltekin hlutverk hennar án þess þó að um sé að ræða hlutverk sem hún sinnir að jafnaði. Er því lagt til að samþykktum verði breytt hvað þetta varðar.

10. Ellilífeyrir

- 10.2. Sjóðfélagi sem valið hefur Frjálsu leiðina getur flýtt töku ellilífeyris úr tryggingadeild fram til 60 ára aldurs eða frestað fram til 75 ára aldurs og sjóð-félagi sem hefur valið Trygginga-leiðina getur flýtt töku ellilífeyris úr trygginga-deild fram til 60 ára aldurs eða frestað fram til 72 ára aldurs. Í báðum samtryggingar-leiðum lækkar eða hækkar fjárhæð mánaðarlegs ellí-lífeyris sbr. töflu T2. Sjóðfélagi sem valið hefur Erfanlegu leiðina getur flýtt töku ellilífeyris úr bundinni séreign til 60 ára aldurs eða frestað fram til 85 ára aldurs. Hafi sjóðfélagi ekki sótt um greiðslu ellilífeyris þegar viðmiðunaraldri er náð skv. gr. 10.1. skal litið svo á að sjóðfélagi hafi kosið að fresta töku ellilífeyris.

Um greinina

Lagt er til að frestun á útgreiðslu ellilífeyris úr bundinni séreign verði heimil / Erfanlegu leiðinni með sambærilegum hætti og úr samtryggingu í Frjálsu leiðinni og Tryggingaleiðinni. Samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, er lífeyrissjóðum heimilt að gefa sjóðfélögum kost á að fresta eða flýta töku ellilífeyris samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum. Samkvæmt samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins er sjóðfélögum heimilt að fresta eða flýta töku ellilífeyris. Til frekari skýringar varðandi frestun á töku ellilífeyris er lagt til að bætt verði við grein 10.2. að hafi sjóðfélagi ekki sótt um greiðslu ellilífeyris þegar viðmiðunaraldri er náð skv. gr. 10.1. skuli litið svo á að sjóðfélagi hafi kosið að fresta töku ellilífeyris.

11. Örorkulífeyrir

- 11.5. Örorkumatið skal vera læknisfræðilegt og fyrstu tvö árin miða við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi sem hann gegndi er hann varð öryrki og hefur menntun eða reynslu til að gegna. Að því tímabili loknu skal orkutap metið á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar og störf og árangurs af endurhæfingu.

Um greinina

Sá málslíður sem lagt er til að tekinn verði út er endurtekning á því sem kemur fram í gr. 11.7.

- 11.7. Örorkuna skal meta eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti eða oftar ef óskir þess efnis liggja fyrir af hálfu sjóðsins eða af hálfu örorkulífeyrisþegans. Sjóðurinn skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra

öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber sjóðnum að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvítá frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir.

Um greinina

Sjá rökstuðning við breytingu á grein 9.11.

- 11.8. Aldrei skal samanlagður örorku- og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur orðið fyrir vegna örorkunnar, metið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Við mat á tekjumissi er tekið tillit til atvinnutekna, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum svo og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem sjóðfélaginn nýtur vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur sjóðurinn krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv. Til mats á því hvort tekjuskerðing hafi orðið vegna örorkunnar skal nota sem viðmiðunartekjur meðaltal tekna sjóðfélags síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið verðbætt til úrskurðardags. Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélags óhagstætt vegna t.d. sjúkdóma eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Viðmiðunartekjurnar taka breytingum frá úrskurðardegi í samræmi við breytingar sem verða á launavísitölu. Að sama skapi er sjóðnum heimilt að líta fram hjá einstökum greiðslum á viðmiðunartímabilinu sem eru ekki hluti af almennum launagreiðslum. Með því er til að mynda vísað til eingreiðslna vegna starfslokasamninga eða annarra greiðslna sem víkja verulega frá fjárhæð þeirra greiðslna sem eru grundvöllur iðgjaldsgreiðslna til sjóðsins á viðmiðunartímabilinu. Í slíkum tilfellum skal heimilt að líta til allt að fimm ára fyrir orkutapið.

Um greinina

Sjá rökstuðning við breytingu á grein 9.11.

- 11.10. Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyrir úr sjóðnum eða nýtur hans að láta sjóðnum í té allar upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækní sjóðsins. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélaga og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá. Þá er örorkulífeyrisþegum skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu örorkulífeyris eða fjárhæð hans, svo sem er varðar heilsufar eða tekjur.

14
Ari
Vé

Um greinina

Sjá rökstuðning við breytingu á grein 9.11.

15. Skipting réttinda og inneignar á milli sjóðfélaga og maka

- 15.2. Réttindaförðun er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum skv. samningi um viðbótartryggingavernd eða lífeyrisréttindi í séreign við Frjálsa lífeyrissjóðinn, sbr. 8. gr. laga nr. 129/1997, nema með samkomulagi skv. 1.-3. tl. 3. mgr. 14. gr. sömu laga.

Um greinina

Heimildir til skiptingar séreignar eru lögbundnar. Lagt er til að samþykktarákvæðinu verði breytt á þann veg að vísað verði til lagaheimildarinnar í stað þess að útlísta þær lelðir sem eru tækar.

16. Tilhögun lífeyrisgreiðslna

- 16.2. Lífeyrir greiðist úr tryggingadeild og bundinni séreign mánaðarlega eftirá. Fyrst fyrir næsta mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Ellilífeyrir greiðist frá og með næsta mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum. Þó er sjóðnum heimilt að greiða ellilífeyri úr bundinni séreign í sama mánuði og umsókn berst sjóðnum. Þegar hámarksaldri er náð skv. gr. 10.2. skal sjóðurinn hefja greiðslu ellilífeyris vegna næsta mánaðar þar á eftir, enda hafi sjóðurinn nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Aldrei skal sjóðnum skytt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en fjögur ár sem reiknast frá byrjun mánaðar er umsókn berst sjóðnum. Nemi áunnin réttindi til ellilífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði, og ekki er um sameiningu við önnur réttindi að ræða, er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins, óski hann þess. Upphæðin uppfæririst árlega mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 230. Ef bundin séreign sjóðfélaga er lægri en 500.000 kr. er sjóðfélaga heimilt að fá hana greidda út í heilu lagi. Upphæðin uppfæririst árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitöluna 173,5 stig.

Um greinina

Lagt er til að heimilað verði að greiða ellilífeyri úr bundinni séreign í sama mánuði og umsókn berst sjóðnum en ekki skilyrðislaust í næsta mánuði. Ef umsókn berst nægjanlega snemma í mánuði þá er mögulegt að það náist að greiða út ellilífeyri úr bundinni séreign í lok sama mánaðar. Ástæðan er sú

að úrskurður ellilífeyris úr bundinni séreign er í mörgum tilvikum einfaldari en úrskurður ellilífeyris úr í tryggingadeild.

Samkvæmt breytingatillöggunni er lagt til að hafi sjóðfélagi ekki sótt um greiðslu ellilífeyris þegar hámarksaldri skv. gr. 10.2. er náð skuli samt sem áður hefja greiðslu ellilífeyris. Eins og fram kemur í ákvæðinu er lífeyrir úr tryggingadeild og bundinni séreign greiddur mánaðarlega eftirá. Jafnframt er áskilið að sjóðurinn hafi nauðsynlegar upplýsingar en í framkvæmd þarf sjóðurinn að fá upplýsingar frá sjóðfélaga um reikningsnúmer o.b.h. vegna greiðslu lífeyris. Í grein 10.2. er m.a. kveðið á um til hvaða aldurs sjóðfélagi getur frestað töku ellilífeyris og í töflu T2 er m.a. tekið fram hvernig tiltekin frestun lífeystöku hefur áhrif til hækunar á fjárhæð lífeyris, en einungis til þess hámarksaldurs sem hægt er að fresta töku ellilífeyris til. Hafi sjóðfélagi ekki sótt um greiðslu ellilífeyris þegar hámarksaldri er náð er engu að síður gert ráð fyrir greiðslu ellilífeyris enda ekki hægt að fresta töku hans lengur með áhrifum til hækunar í samræmi við samþykktir sjóðsins. Þá er lagt til að felld verði út setningin um að berist umsókn um ellilífeyrir eftir að hámarksaldri er náð, sbr. gr. 10.2. sé heimilt að greiða ellilífeyrir aftur í tímann til hámarksaldurs. Talið er óþarfi að hafa slíkt ákvæði inni en eftir sem áður væri slíkt heimilt ef slíkar aðstæður kæmu upp, sbr. meðal annars með hliðsjón af túlkun Fjármálaeftirlitsins varðandi heimild lífeyrissjóða til greiðslu afturvirkra lífeyrisgreiðslna. Aldrei er þó skylt að úrskurða lífeyrir lengra aftur í tímann en fjögur ár.

Þá er lagt til að þau réttindi sem heimilt er að greiða út í heilu lagi uppfærist mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar til samræmis við ákvæði í Samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða.

Þá var opnað fyrir mælendaskrá, en enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillögurnar voru því næst bornar undir atkvæði, hver fyrir sig. Þær voru allar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum af öllum þorra fundarmanna.

8. Laun stjórnarmanna

Stjórn sjóðsins lagði til að laun stjórnarmanna yrðu hækki úr 105.000 kr. í 150.000 kr. en laun stjórnarformanns yrði tvöföld laun aðalmanna.

Jafnframt var lagt til að varamenn fengju helming mánaðarlauna stjórnarmanna fyrir hvern setinn fund en að árslaun yrðu að lágmarki ein og hálf mánaðarlaun aðalmanna.

Engar móttillögur bárust og taldist tillaga stjórnar því samþykkt.

Engar móttillögur bárust og taldist tillaga stjórnar því samþykkt.

9. Önnur mál

Sjóðfélögum var boðið að tjá sig undir önnur mál – en enginn kvaddi sér hljóðs.

Fleira var ekki fyrir tekið þar sem dagskrá fundarins vær tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara. Fundarstjóri þakkaði framsögumönnum fyrir þeirra framlag til fundarins og fundarmönnum samstarf við fundarstjóra um afgreiðslu dagskrármála.

Slelt að svo búnu fundi kl: 19:07



Bjarni Þór Óskarsson
fundarstjóri



Unnur Elín Jónsdóttir
fundarritari